

Barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar

Rétt til barnalífeyris vegna náms- eða starfsþjálfunar geta þeir átt sem eru á aldrinum 18-20 ára og eru í námi /starfsþjálfun og búa á Íslandi:

- Ef annað foreldri eða báðir eru lífeyrisþegar.
- Ef annað foreldri eða báðir eru látnir.
- Ef fyrir liggur úrskurður sýslumanns um efnaleysi meðlagsskylds foreldris.

- Sótt er um barnalífeyri vegna náms á tr.is Mínum síðum.
- Afgreiðslutími rafrænna umsókna er að hámarki 4 vikur eftir að umsókn og öllum fylgigögnum hefur verið skilað.
- Þeir sem óska eftir áframhaldandi greiðslum þurfa að skila skólavottorði í upphafi hverrar annar (janúar/ágúst). Mikilvægt er að námsárangur komi fram á skólavottorði.

Hvernig er sótt um barnalífeyri vegna náms eða starfsþjálfunar?

Umsókn um barnalífeyri vegna náms eða starfsþjálfunar fer fram rafrænt á vef Tryggingastofnunar, tr.is, Mínar síður.

Til að komast á Mínar síður þarf að nota Íslykil frá island.is eða rafræn debetkort.

Umsóknir eru tengdar við kennitölu þess sem skráir sig inn, þannig að einungis er hægt að sækja um réttindi sem viðkomandi gæti átt.

Umsækjandi þarf að færa inn upplýsingar í þar til gerð form og staðfesta umsókn. Eftir að umsókn hefur verið send vistast hún sem rafrænt skjal þannig að alltaf verður hægt að nálgast hana.

Hvaða gögnum þarf að skila inn?

- Í fyrsta sinn: Umsókn og staðfesting á skólavist. Fjölbrotaskóli: Upplýsingar um einingafjölda þurfa að koma fram. Skóli með bekkjakerfi: Staðfesting á skólavist þarf að koma fram.
- Vegna framlengingar: Skila þarf inn staðfestingu um námsframvindu síðustu annar og skólavist á komandi önn. Ekki þarf að skila inn nýrri umsókn.
- Hægt er að sækja um undanþágu frá fullu námi ef nemandi getur ekki stundað fullt nám. Staðfesting frá námsráðgjafa þarf að fylgja með.
- Hafi sýslumaður hafnað úrskurði um meðlag vegna efnaleysis eða ef ekki hefur tekist að hafa upp á foreldri er sá úrskurður einnig sendur með umsókn.

Hvernig er gögnum skilað? Tekið er á móti gögnum eftir þessum leiðum:

- Umsókn ásamt skólavottorði send í gegnum Mínar síður á tr.is.
- Staðfestingu á námsframvindu og skólavist má senda sem viðhengi í gegnum Mínar síður, fyrirspurnir og fylgigögn.
- Skólar geta sent skólavottorð á netfangið fjolskyldumal@tr.is

[Nánari upplýsingar á tr.is](#)

Ráðgjafar Tryggingastofnunar um allt land eru reiðubúnir til aðstoðar.

- Símar 560-4460 eða 800-6044
- Netsamtal við ráðgjafa á tr.is
- Tölvupóstur á tr@tr.is

- Þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar Laugaveg 114 er opin frá kl. 10:-15:30, á föstudögum er lokað kl. 12.00
- Umboð Tryggingastofnunar eru opin um allt land á skrifstofutíma.